

Tillaga D-lista:

Bæjarfulltrúar D lista leggja fram tillögu um að ekki verði áheyrnafulltrúar frá meirihluta B, C og S lista í nefndum bæjarins fyrir utan bæjarráð.

Greinargerð:

Það er enginn tilgangur með því að bæta við áheyrnafulltrúum frá meirihlutanum í nefndir bæjarins og flokkarnir í meirihlutanum verða að treysta hvor öðrum til þess að fara með meirihluta í nefndunum án þess að allir 3 flokkarnir eigi fulltrúa í hverri nefnd.

Þessar fordæmalausa tillögur meirihlutans munu kosta skattgreiðendur í Mosfellsbæ 14 milljónir á kjörtímabilinu og virðist eingöngu vera til þess að úthluta launuðum bitlingum í formi nefndarsetu án atkvæðisréttar til fólks á listum meirihlutans og þá sérstaklega C- og S-lista þar sem þeir flokkar hafa bara einn bæjarfulltrúa hvor flokkur.